

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir Eyjafjarðarsýslu um fjallgöngur og fjárskil, nr. 35 16. apríl 1934.

1. gr.

Inn í reglugerðina bætist ný grein, er verði 15. gr., svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:

Noti fjáreigandi upprekstrarland á utansveitarafrétti, en innan sýslunnar, ber honum að vinna þar fjárskil af hendi fyrir þann fjárfjölda, er hann hefir á afréttinn rekið, eftir þeim reglum, sem þar gilda. Þó hefir hreppsnefnd þess hrepps, er hann býr í, rétt til þess að leggja á hann fjárskil í heimasveit sinni. Þó má samantölga tala fjárskiladagsverka hans ekki vera hlutfallslega hærri en annarra fjáreigenda í þeim hreppi, samkvæmt þeim reglum, sem þar gilda um niðurröðun fjárskiladagsverka.

Noti fjáreigandi afrétt utan sýslu og geri þar fjallskil, má gera honum fjárskil í heimasveitinni eftir sömu reglum og gilda hér að ofan.

2. gr.

Fyrri málsgrein 16. gr., sem verður 17. gr., orðist þannig:

Nú á einhver að gera fjárskil í öðrum hreppi en hann er búsettur í. Skal hann þá um leið og hann rekur á afréttinn gefa hlutaðeigandi eiganda eða umráðamanni afréttarins upp fjártölu þá, er hann hefir þangað rekið, en umráðamanni afréttar er aftur á móti skylt að gefa hlutaðeigandi hreppsnefnd í tæka tíð sundurliðaða skýrslu um fjártölu þá, er á afréttinn var rekin.

3. gr.

Fyrri málsgrein 18. gr., sem verður 19. gr., orðist svo:

Löggöngur skulu þrennar á hausti hverju. Fyrsti gangnadagur skal vera 20. september og skal síðan gengið með viku millibili. Oddviti sýslunefndar getur þó, eftir beiðni hreppsnefnda úr einum eða fleiri hreppum, ákveðið aðra gangnadaga fyrir viðkomandi hrepp eða hreppa, ef fullgildar ástæður liggja til.

4. gr.

Við 20. gr., sem verður 21. gr., bætist svo hljóðandi viðauki:

Heimilt er þó hreppsnefnd að veita leyfi til þess að fjallsöfn séu rekin inn í heimaréttir til sundurdráttar í öðrum og þriðju göngum, ef hlutaðeigandi gangnaforingi samþykkir.

5. gr.

24. gr., sem verður 25. gr., orðist svo:

Aðalréttir og aukaréttir skulu vera þær sömu og nú eru. Þyki þörf á því að fjölga réttum eða færa þær úr stað, skal hlutaðeigandi hreppsnefnd leggja það fyrir almennan sveitarfund og ræður meiri hluti atkvæða úrslitum. Sé um aðalrétt að ræða, þarf samþykki sýslunefndarinnar til breytingarinnar.

Kostnaður við viðhald og byggingu skilarétta greiðist úr sveitarsjóði.

Skyldur er hver að leggja til land undir fjárrétt og hleðsluefni í hana, valdi það ekki skemmdum á yrktu landi. Sanngjarna þóknun úr sveitarsjóði ber að greiða hlutaðeiganda fyrir jarðrask og átroðning eftir mati tveggja óvilhallra manna, er sýslumaður útnefnir, hafi samkomulag ekki náðst.

6. gr.

25. gr. falli niður.

7. gr.

Síðari málsgrein 27. gr. orðist svo:

Enginn má reka burt úr rétt fyrr en úrtíningur er upp dreginn, nema fjárskilastjóri leyfi. Ekki má heldur hleypa fé úr dilki fyrr en búíð er að kanna það af mönnum, er réttarstjóri kveður til þess.

Fjárskilastjóri hefir einn öll umráð á réttar- og dilkrúmi aðalréttardaga. Öll óhlýðni og þrjózka við fjallskilastjóra varðar sektum.

8. gr.

Fyrsta málsgrein 33. gr. orðist svo:

Viku eftir að löggöngum er lokið skal hver hreppsnefnd láta gera eftirleit á öllum afréttum hreppsins.

9. gr.

35. gr. orðist svo:

Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá fyrir alla sýsluna svo oft, sem þurfa þykir og útbýta henni eftir þörfum.

Þeir, sem flytja inn í sýsluna eða taka upp ný mörk milli þess sem markaskrá er prentuð, skulu auglýsa þau fyrir fjárskilastjórum.

Þeir, sem vanrækja að láta prenta mörk sín í markaskrá sýslunnar, mega búast við að farið verði með fé þeirra sem óskilafé.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, 31. maí 1927, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. september 1940.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. ágúst 1940.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 101 23. september 1936.

Samkvæmt lögum nr. 100 23. júní 1936, um Stýrimannaskólann í Reykjavík, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Síðasta málsgrein 2. gr. reglugerðarinnar falli burt.

2. gr.

3. gr. verði svo hljóðandi:

Hverri kennsludeild skal skipta í kennslubekki, ef þörf krefur. Í hverjum kennslubekk mega að jafnaði ekki vera fleiri en 20 nemendur. Þetta ákvæði gildir þó eigi þegar fyrirlestrar eru fluttir.

Engin kennsludeild verður starfrækt með færri en 3 nemendum, nema leyfi atvinnumálaráðuneytisins komi til.